

FÉLAGSDÓMUR

Dómur mánudaginn 20. október 2025.

Mál nr. 4/2025:

Alþýðusamband Íslands

f.h. VR vegna A

(Guðmundur B. Ólafsson lögmaður)

gegn

Samtökum atvinnulífsins

vegna Samkaupa hf.

(Ragnar Árnason lögmaður)

Lykilorð

Kjarasamningur.

Útdráttur

Ágreiningur aðila laut einkum að því hvort stefnda bæri að greiða starfsmönnum sínum laun þegar vinnu samkvæmt skipulögðu vinnufyrirkomulagi bæri upp á lögbundnum frídögum sem féllu á laugardaga eða sunnudaga, óháð því hvort vinnuframlag væri innt af hendi eða ekki. Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að kröfur stefnanda ættu sér ekki stoð í kjarasamningi aðila. Þá gæti framkvæmd sem hefði skapast um greiðslur til starfsmanna, án tillits til kjarasamninga, þegar frídagar falla á virka daga ekki leitt til þess að fallast bæri á kröfur stefnanda. Var stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Dómur Félagsdóms

Mál þetta var dómtekið 23. september sl.

Málið dæma Ásgerður Ragnarsdóttir, Ásmundur Helgason, Björn L. Bergsson, Karl Ó. Karlsson og Ólafur Eiríksson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, Guðrúnartúni 1 í Reykjavík, fyrir hönd VR, Kringlunni 7 í Reykjavík, vegna A.

Stefndi er Samtök atvinnulífsins, Borgartúni 35 í Reykjavík, fyrir hönd Samkaupa hf., Krossmóum 4 í Reykjanesbæ.

Dómkröfur stefnanda

- Stefnandi krefst þess í fyrsta lagi að viðurkennt verði með dómi að „stefnda sé skylt að greiða starfsmönnum sínum föst og reglubundin laun er vinnu skv. skipulögðu vinnufyrirkomulagi ber upp á lögbundnum frídögum sem falla á laugardaga eða sunnudaga óháð því hvort vinnuframlag sé innt af hendi eða ekki í samræmi við grein 2.3. og 2.7. í kjarasamningi VR og Samtaka atvinnulífsins.“

Þá krefst stefnandi þess að viðurkennt verði að „í greiðsluskyldu felist að þegar rauður dagur kemur upp á laugardegi eða sunnudegi beri að greiða dagvinnulaun, auk eftirvinnu- næturvinnu-, eða yfirvinnuálags eftir því hvort vinnuskyldan er innan eða utan hefðbundins dagvinnutíma þó svo að vinnuframlag sé ekki innt af hendi.“

Til vara krefst stefnandi þess að viðurkennt verði að „stefnda beri að greiða dagvinnulaun á rauðum dögum sem falla á laugardaga eða sunnudaga í samræmi við vinnuskyldu óháð því hvort að vinnuframlag sé innt af hendi eða ekki.“

- 2 Stefndandi krefst þess í öðru lagi að viðurkennd verði „greiðsluskylda stefnda Samkaupa hf. vegna vinnu A í samræmi við vinnuskyldu á dögnum 1.1.2022 (laugardagur), 5.6.2022 (hvítasunnudagur), 31.12.2022 (laugardagur), 1.1.2023 (sunnudagur), 9.4.2023 (páskadagur), 17.6.2023 (laugardagur), 31.12.2023 (sunnudagur) og 19.5.2024 (hvítasunnudagur) þannig að greiða beri dagvinnulaun, auk eftirvinnu- næturvinnu-, eða yfirvinnuálags í samræmi við grein 2.3 og 2.7 í kjarasamningi VR eftir því hvort vinnuskyldan er innan eða utan hefðbundins dagvinnutíma þó svo að vinnuframlag sé ekki innt af hendi.“

Til vara er þess krafist að viðurkennd verði „greiðsluskylda stefnda Samkaupa hf. vegna vinnu A á rauðum dögum sem falla á laugardaga eða sunnudaga í samræmi við vinnuskyldu dagana 1.1. 2022 (laugardagur), 5.6.2022 (hvítasunnudagur), 31.12.2022 (laugardagur), 1.1.2023 (sunnudagur), 9.4.2023 (páskadagur), 17.6.2023 (laugardagur), 31.12.2023 (sunnudagur) og 19.5.2024 (hvítasunnudagur) þannig að greiða beri dagvinnulaun á rauðum dögum sem falla á laugardaga eða sunnudaga í samræmi við vinnuskyldu óháð því hvort að vinnuframlag sé innt af hendi eða ekki.“

- 3 Stefndandi krefst jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda

- 4 Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Málavextir

- 5 Samkvæmt gögnum málsins hafa VR og Samtök atvinnulífsins (SA) um nokkurt skeið deilt um hvort kjarasamningur tryggi starfsfólki rétt til launa falli lögbundnir frídagar á helgar. Þannig setti VR fram kröfu um greiðslu fyrir óunna frídaga um helgar vegna starfsmanns í bakaríi með bréfi 21. ágúst 2001 en SA hafnaði kröfunni. Með bréfi 10. maí 2002 var í því máli fallið frá kröfu um yfirvinnukaup og þess í stað krafist dagvinnulauna þessa daga, en á það var ekki fallist. Þá hefur VR ítrekað haft uppi kröfur í kjaraviðræðum þess efnis að ákvæði um launagreiðslur á „rauðum dögum“ skuli sett með „skýrari hætti“ í kjarasamninga, sbr. kröfugerðir 2013, 2015, 2018 og 2022.
- 6 Með bréfi 7. febrúar 2023 krafðist VR fyrir hönd A greiðslu frá Samkaupum hf. með vísan til þess að starfsmaðurinn hefði ekki fengið greidd laun þegar lögbundna frídaga hefði borið upp á laugardögum og sunnudögum þegar vinnuskylda hefði verið til

staðar. Tekið var fram að starfsmaðurinn ætti vinnuskyldu aðra hverja helgi og ætti að halda óskertum launum þrátt fyrir að vinnuframlag væri ekki innt af hendi vegna frídaga, sbr. meðal annars grein 2.7 í kjarasamningi. Krafan var ítrekuð með bréfi 11. apríl sama ár. Með bréfi SA 26. apríl 2023 var túlkun VR mótmælt og vísað til þess að samkvæmt kjarasamningi ætti hvorki starfsfólk í fullu starfi né hlutastarfi rétt á greiðslu vegna frídaga sem falli á helgi.

Málsástæður og lagarök stefnanda

- 7 Stefndandi kveður ágreining aðila lúta að greiðsluskyldu stefnda þegar vinnuskylda starfsmanna á laugardögum og sunnudögum ber upp á lögbundnum frídegi, það er svonefndum rauðum degi. Byggt er á því að sama greiðslufyrirkomulag skuli gilda hvort sem rauða daga beri upp um helgi eða á virkum degi. Þá eigi réttarstaða starfsmanna til greiðslu á rauðum dögum að vera sú sama hvort sem þeir séu í fullu starfi eða hlutastarfi, sbr. grein 2.7 í kjarasamningi aðila þar sem meðal annars komi fram að starfsfólk sem vinni reglubundið hluta úr degi skuli njóta sama réttar um greiðslur fyrir samningsbundna frídaga og starfsfólk sem vinnur fullan vinnudag.
- 8 Stefndandi vísar til þess að fyrirtæki greiði almennt starfsmönnum laun á rauðum dögum auk launa vegna vinnuframlags sem sé innt af hendi. Fyrirtæki sem reki aðrar verslanir greiði starfsmönnum laun falli rauðir dagar á helgar. Þessu til stuðnings er vísað til tölvupósta 23. september 2025 þar sem fulltrúar tilgreindra verslana staðfesta að eigi starfsmaður vakt við þessar aðstæður fái hann greidd dagvinnulaun, enda þótt vinnuframlag sé ekki innt af hendi. Hins vegar hafi stefndi Samkaup hf., sem eigi aðild að SA, ekki fallist á að starfsmenn skuli vera eins settir hvort sem vinnuskylda komi upp á rauðum dögum eða öðrum dögum.
- 9 Vinnufyrirkomulag starfsmanna í verslunum sé ýmis konar og breytilegt. Sem dæmi megi nefna að starfsmaður sem vinni fjóra daga í viku, frá klukkan 16 til 21 tvo daga og frá klukkan 10 til 18 um helgar, fengi ekki greitt samkvæmt túlkun stefnda bæri rauðan dag upp á sunnudegi. Þessi túlkun sé í beinni andstöðu við skýrt ákvæði kjarasamnings um að greiðsla skuli miðast við venjulegan vinnutíma starfsmanns. Horfa beri til umsaminna kjara starfsmannsins þannig að hann missi einskis í föstum launum þótt rauðir dagar komi upp á sama tíma og vinnuskylda hans. Stefndi virðist gera greinarmun á því hvort starfsmaður vinni annars vegar einungis á virkum dögum eða hins vegar eftir vinnuplani alla daga vikunnar í hlutastarfi. Slíkt brjóti gegn grein 2.7 í kjarasamningi og lögum nr. 10/2004 um starfsmenn í hlutastarfi, auk þess sem hafa beri hugfast að samkvæmt kjarasamningi eigi starfsmenn að missa einskis í launum á rauðum dögum og ekki gjalda þess að vinnutími taki einungis til helgidaga.
- 10 Stefndandi leggur áherslu á að starfsmaður eigi að vera eins settur hvort sem vinnuskylda beri upp á rauðum dögum eða ekki. Vinna á laugardögum og sunnudögum sé greidd með eftirvinnu- eða næturvinnukaupi eftir kjarasamningi. Þegar vinnuskylda falli niður vegna rauðra daga skuli starfsmaður halda óskertum launum með álagi eins og hann hefði verið að vinna. Aðalkrafa stefnanda lúti að því

að viðurkennt verði að greiða beri fyrir rauða daga með álagi, enda styðji framfærslusjónarmið slíkt og reglan um að starfsmenn í fullu starfi og hlutastarfi skuli njóta sama réttar.

- 11 Kröfugerð sé skipt með þeim hætti að í fyrsta lagi er krafist viðurkenningar á greiðsluskyldu stefnda Samkaupa hf. gagnvart starfsmönnum við fyrrgreindar aðstæður samkvæmt kjarasamningi með kjarasamningsbundnu álagi á dagvinnulaun en til vara að einungis skuli miða við dagvinnulaun án álags. Í öðru lagi sé krafist viðurkenningar á greiðsluskyldu gagnvart starfsmanninum A á tiltekinni fjárhæð vegna vinnuskyldu á nánar tilgreindum rauðum dögum sem reiknuð sé með kjarasamningsbundnu álagi. Til vara sé þess krafist að starfsmaðurinn haldi dagvinnulaunum á þeim dögum sem um ræðir.

Málsástæður og lagarök stefnda

- 12 Stefndi byggir á því að það sé meginregla samkvæmt kjarasamningum að laun séu einungis greidd fyrir þær vinnustundir sem starfsmaður innir af hendi. Ekki sé greitt fyrir óunninn tíma nema skýr og ótvíræð ákvæði kjarasamnings kveði á um slíkt, sbr. til dæmis dóm Félagsdóms 28. maí 2003 í máli nr. 5/2003.
- 13 Ákvæði kjarasamnings styðji ekki kröfur stefnanda um greiðslu launa á frídögum þegar ekki hafi verið innt af hendi vinnuframlag. Til stuðnings kröfum sínum hafi stefnandi vísað til greina 2.3 og 2.7 í kjarasamningi.
- 14 Í grein 2.3 séu frídagar launamanna taldir upp, það er almennir helgidagar og stórhátíðardagar, og sé gert ráð fyrir frítöku starfsfólks þessa daga nema sérstaklega sé um annað samið. Því er mótmælt að réttur til frítöku samkvæmt kjarasamningi feli í sér rétt til óskertra launagreiðslna, enda sé ekki mælt fyrir um launarétt á frídögum í kjarasamningnum. Ákvæðið veiti félagsmönnum stefnanda ekki rétt umfram það sem almennt gildi á vinnumarkaði og önnur aðildarfélög Alþýðusambands Íslands hafi samið um. Þá sé í almennum kjarasamningum á vinnumarkaði einungis kveðið á um rétt til dagvinnulauna á frídögum sem falli á mánudaga til föstudaga, eftir atvikum að tilteknum skilyrðum uppfylltum.
- 15 Í framkvæmd hafi greiðslur til starfsmanna á frídögum takmarkast við dagvinnulaun mánudaga til föstudaga. Þannig sé í grein 1.10.1 í kjarasamningum SGS/Eflingar kveðið á um rétt starfsmanna, sem unnið hafa hjá sama atvinnurekanda eða í sömu starfsgrein samfelld í einn mánuð eða lengur, til greiðslu óskerts vikukaups þannig að samningsbundnir frídagar, sem falli á mánudaga til og með föstudaga, séu greiddir. Þá segi í grein 1.5.1 í kjarasamningum Félags vélstjóra og málmtæknimanna að laun fyrir óunna helgidaga, sem falli á mánudaga til föstudaga, séu greidd í 7,2 stundir á þeim texta sem starfsmaður fái í dagvinnu aðra daga. Samhljóða ákvæði sé í kjarasamningi Samiðnar, sambands iðnfélaga.
- 16 Framangreind kjarasamningsákvæði séu byggð á þeirri framkvæmd á vinnumarkaði, að launafólk í föstu starfi haldi dagvinnulaunum þótt frídagar falli á virka daga

vinnuvikunnar, eftir atvikum þó með takmörkunum samkvæmt kjarasamningi. Þessi framkvæmd sé reist á lögum nr. 88/1971 um 40 stunda vinnuviku þó svo að þar sé ekki kveðið á um launarétt starfsfólks þegar frídagar falli á vinnuvikuna.

- 17 Stefndi bendir á að kjarasamningar kveði á um fimmtán rauða daga á ári, fjórtán heila og tvo hálfa daga. Fjöldi rauðra daga sem falli á mánudaga til föstudaga sé mismunandi eftir árum en að meðaltali séu þeir 11,2. Í öllum kjarasamningum, þar sem veitt sé frí í stað vinnu á rauðum dögum, sé stuðst við fjölda daga sem falli á mánudaga til föstudaga en ekki heildarfjölda rauðra daga á ári. Því sé einnig þannig farið í þeim kjarasamningi sem hér sé til skoðunar.
- 18 Hluti aðalkjarasamnings SA og VR séu sérkjarasamningar vegna starfsfólks í gestamóttöku og vegna starfsfólks hjá afþreyingar- og ferðaþjónustufyrirtækjum. Ákvæði þessara kjarasamninga undirstriki að einungis skuli líta til frídaga sem falli á mánudaga til föstudaga, að ekki skuli bæta með launum frídag ef vinnustað sé lokað og að laun fyrir frídag séu dagvinnulaun án álagsgreiðslna. Kröfur stefnanda gangi mun lengra en samið hafi verið um vegna starfsfólks í þessum atvinnugreinum og samkvæmt samningum SA við aðra viðsemjendur á almennum vinnumarkaði.
- 19 Stefndi mótmælir því að kröfur stefnanda fái stoð í grein 2.7 í kjarasamningi um rétt starfsfólks í hlutastarfi. Því er hafnað að starfsfólki í hlutastarfi um helgar sé mismunað samanborið við starfsfólk í fullu starfi, enda fái síðargreint starfsfólk hvorki yfirvinnugreiðslur né dagvinnulaun falli frídagur á skipulegan vinnudag um helgi. Verði réttur hlutavinnufólks til launa á helgarfrídögum viðurkenndur njóti slíkir starfsmenn kjara umfram starfsmenn í fullu starfi og fælist í því mismunun sem yrði ekki studd við ákvæði laga eða kjarasamninga. Hafa verði í huga að kjarasamningar tryggi ekki fullkomið jafnræði í fjölda frídaga sem starfsfólk í hlutastarfi geti átt kost á. Þannig falli þrír almennir frídagar alltaf á mánudaga en þrír á fimmtudaga og fái starfsfólk sem vinni ávallt á þriðjudögum og miðvikudögum færri frídaga en starfsmaður í fullu starfi sem vinni mánudaga til föstudaga. Ekki standist að túlka grein 2.7 þannig að starfsmaður, sem vinnur einungis um helgar, eigi rétt til launa á frídögum sökum þess að starfsmaður í fullu starfi haldi launum á frídögum sem falli á mánudaga til föstudaga.
- 20 Stefndi telur hvorki unnt að fallast á rétt til greiðslu launa með álagi né til dagvinnulauna við fyrrgreindar aðstæður. Hvað dagvinnulaun varðar er bent á að krafan feli raunar í sér að starfsmenn í fullu starfi á virkum dögum, sem fái greitt yfirvinnukaup fyrir vinnu um helgar, fái greidd dagvinnulaun umfram það hámark sem greinir í 2. kafla kjarasamnings.
- 21 Stefndi gerir jafnframt athugasemd vegna krafna sem snúa að greiðsluskyldu gagnvart A, þar með talið með vísan til þess að ekki liggi fyrir gögn sem sýni vinnuskyldu hans á þeim dögum sem um ræðir.

Niðurstaða

- 22 Mál þetta, sem lýtur að ágreiningi um skilning á kjarasamningi, heyrir undir Félagsdóm samkvæmt 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.
- 23 Deilt er um hvort stefnda Samkaupum hf. sé skylt að greiða starfsmönnum laun beri lögbundinn frídag upp á laugardegi eða sunnudegi þegar gert hefur verið ráð fyrir vinnuskyldu, óháð því hvort vinnuframlag hafi verið innt af hendi. Upplýst hefur verið að í framkvæmd hafi aðildarfélög SA almennt innt af hendi greiðslur til starfsmanna beri frídag upp á mánudegi til föstudags, en stefndi kveður þessa framkvæmd eiga rætur að rekja til laga nr. 88/1971. Annað gildi þegar frídag beri upp á laugardegi eða sunnudegi en þá sé starfsmönnum að jafnaði ekki greidd laun hafi vinna ekki verið innt af hendi.
- 24 Það er meginregla vinnuréttar að laun eru einungis greidd fyrir þær vinnustundir sem starfsmaður innir af hendi. Tekur kjarasamningur aðila mið af þessari meginreglu, sbr. meðal annars kafla 1 og 2 sem hafa að geyma ákvæði um „Kaup“ og „Vinnutíma“. Fjallað er um „frídaga og stórhátíðardaga“ í grein 2.3 og gert ráð fyrir frítöku starfsfólks á þeim dögum, nema samið sé um annað.
- 25 Stefndandi byggir á því að skylda Samkaupa hf. til greiðslu launa á lögbundnum fríðögum óháð vinnuframlagi fái stoð í greinum 2.3 og 2.7 í kjarasamningi, auk þess sem framkvæmd annarra verslana styðji túlkun hans. Þessu er mótmælt af hálfu stefnda sem telur kröfur stefnanda hvorki fá stoð í kjarasamningi né framkvæmd aðildarfélaga.
- 26 Svo sem áður greinir er í grein 2.3 mælt fyrir um frídaga og stórhátíðardaga og er þá almennt gert ráð fyrir frítöku starfsfólks. Skilja verður málalímbúnað stefnanda með þeim hætti að hann telji framkvæmd Samkaupa hf. andstæða grein 2.7 í kjarasamningi, einkum þar sem starfsfólk sem vinnur hlutastarf um helgar njóti ekki sama réttar og starfsfólk í fullu starfi sem starfar á virkum dögum. Ákvæðið er svohljóðandi:

Fólk sem ráðið er til starfa hluta úr degi og vinnur reglubundinn vinnutíma skal taka hlutfallsleg mánaðarlaun miðað við vinnutíma fastráðins fólks, sbr. gr. 21., þ.e. 38 klst. og 45 mínútur (38,75 tímar) eða 36 klst. og 45 mínútur (36,75 tímar).

Starfsfólk, sem vinnur reglubundið hluta úr degi hjá sama atvinnurekanda, skal njóta sama réttar um greiðslur fyrir samningsbundna frídaga, veikinda- og slysadaga, starfsaldurshækkunar o.fl. og það sem vinnur fullan vinnudag og skulu greiðslur miðaðar við venjulegan vinnutíma starfskrafts.

Aðilar eru sammála um að ofangreint ákvæði eigi jafnt við um þá sem vinna samfelld hluta úr degi alla vikuna og þá sem vinna reglubundið, t.d. einn dag í viku eða hluta af einum degi.

Nánar fer um starfsfólk í hlutastörfum skv. samningi ASÍ og SA um hlutastörf og eftir því sem við á í lögum um starfsfólk í hlutastörfum

- 27 Til þess er að líta að í kjarasamningnum er ekki að finna ákvæði um rétt starfsmanna til greiðslna beri lögbundinn frídag upp á dögum þegar vinnuskylda hefði ella verið fyrir hendi, öndvert við áður tilvitnaða kjarasamninga SGS/Eflingar og Félags vélstjóra og málmtæknimanna sem mæla fyrir um greiðsluskyldu, en þó aðeins falli lögbundnir frídagar á mánudaga til föstudaga. Þannig er hvorki mælt fyrir um rétt starfsfólks til launa beri frídag upp á mánudegi til föstudags né á laugardegi eða sunnudegi í þeim kjarasamningi sem hér er til skoðunar. Framkvæmd sem mun hafa skapast um greiðslur til starfsmanna, án tillits til kjarasamninga, þegar frídagar falla á virka daga getur ekki stutt greiðsluskyldu á laugardögum og sunnudögum. Þá liggur fyrir að falli frídagur á helgardag fær starfsfólk ekki greidd laun óháð vinnuframlagi, hvort heldur sem það sinnir fullu starfi eða hlutastarfi, og eiga röksemdir um mismunun að þessu leyti ekki við rök að styðjast.
- 28 Samkvæmt framangreindu verður ekki fallist á að kröfur stefnanda eigi stoð í kjarasamningi aðila. Greiðslur annarra fyrirtækja á sama markaði til starfsmanna óháð kjarasamningi geta ekki heldur leitt til greiðsluskyldu Samkaupa hf. Þar sem stefnandi hefur ekki fært önnur haldbær rök fyrir kröfum sínum verður stefndi sýknaður.
- 29 Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Samtök atvinnulífsins vegna Samkaupa hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands fyrir hönd VR vegna A.

Málskostnaður fellur niður.